

SEÐLABANKI ÍSLANDS	
MÓTTEKIÐ	
23 APR 2021	
Lykill 0.6.0	Abm. E.H.H.
Málsnr. 2104149	

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri  
Seðlabanka Íslands  
Kalkofnsvegi 1  
101 Reykjavík

Kópavogi, 23. apríl 2021.

**Efni: Fyrirspurn um ummæli í viðtali við fjölmiðilinn Stundina.**

I.

Undirritaður lögmaður gætir hagsmuna Samherja hf. og Þorsteinn Már Baldvinssonar, forstjóra Samherja hf.

Með bréfi, dags. 30. apríl 2019, lagði ég fram hjá lögreglu fyrir hönd framangreindra umbjóðenda minna kæru á hendur nánar tilteknum stjórnendum Seðlabanka Íslands vegna ætlaðra brota þeirra í opinberu starfi gegn ákvæðum XIV. og XV. kafla almennra hegningalaga nr. 19/1940 (hér eftir hgl.). Í kærinni voru færð fyrir því all ítarleg rök að umræddir einstaklingar kynnu að hafa sem starfsmenn Seðlabanka Íslands gerst sekir um háttsemi sem varðað gæti við 130. gr., 134. gr., 136. gr., 139. gr. og 1. mgr. 148. gr., sbr. 138. gr. hgl. Þá kynni ákvæði 135 gr. hgl. að eiga við um ætluð brot Más Guðmundssonar, þáverandi seðlabankastjóra.

Með bréfi, dags. 11. september 2019, beindi forsætisráðherra erindi til lögreglu varðandi meinta upplýsingagjöf starfsmanna Seðlabanka Íslands til starfsmanna Ríkisútvarpsins í aðdraganda húsráttar bankans hjá umbjóðanda mínum Samherja hf., sem kynni að fela í sér refsiverð brot starfsmanna bankans á lögum, sumpart þau sömu og tilgreind voru í fyrrgreindri kæru umbjóðenda minna til lögreglu. Tilefni þess erindis forsætisráðherra til lögreglu voru upplýsingar sem ráðherra höfðu borist frá umboðsmanni Alþingis og Seðlabanka Íslands þessa efnis. Það liggur þannig jafnframt fyrir erindi frá forsætisráðherra til lögreglu sem hefur að geyma vel rökstuddan grun um hluta af þeirri háttsemi sem kæra umbjóðenda minna laut að – grun sem studdur er áreiðanlegum og vel skilgreindum upplýsingum í bréfum frá umboðsmanni Alþingis og Seðlabanka Íslands.

II.

Í viðtali við þig í fjölmiðlinum Stundinni, sem birt er í dag, er haft eftir þér orðrétt – og þá vafalaust um framangreindar kærur til lögreglu:

*„Ég skil bara ekki hvern andskotann þessi lögreglustjóri þarf að rannsaka og af hverju þessu er bara ekki vísað frá. Ég óttast það að mörgu leyti, í svona eftirlitsstofnun eins og Seðlabankinn er, að við lendum í því að við verðum hundelt persónulega eins og farið var á eftir þessu starfsfólki.“*

Fyrir hönd framangreindra umbjóðenda minna er þess vinsamlega farið á leit við þig að þú upplýsir hvort framangreint sé orðrétt eftir þér haft?

Hverju sem líður kæru umbjóðenda minna til lögreglu geta naumast verið um það áhöld að allt í senn dómstólar, umboðsmaður Alþingis og forsætisráðherra hafa metið það svo að starfsmenn Seðlabanka Íslands hafi brotið gegn lögum í embættisfærslu sinni gagnvart umbjóðendum mínum.

Það væri þakkar vert að fá upplýst frá þér hvort það sé réttur skilningur á tilvitnuðum ummælum þínum, séu þau rétt eftir þér höfð, að þú sért þeirrar skoðunar að þeir borgarar sem verða fyrir barðinu á ólögætri embættisfærslu af hálfu opinberra starfsmanna, sem fara með mikið vald til inngripa og afskipta af borgurunum, eigi ekki að standa vörð um rétt sinn eða koma því til leiðar að slík embættisfærsla verði rannsökuð af þar til bærum aðilum og í samræmi við gildandi lög í landinu?

F.h. Samherja hf. og Þorsteins Más Baldvinssonar



Garðar G. Gíslason, lögmaður